

Reglur

92

31. maí

fyrir

umferð um brúna yfir Ölfusá.

1. gr.

Enginn má fara yfir brúna harðara en klyfjagang, hvort sem hann er ríðandi eða fer með vagn, eða hann teymir eða rekur hesta eða nautgripi, einn eða fleiri.

2. gr.

Hesta með klyfjum má aldrei reka yfir brúna, heldur skal ávalt teyma þá, og hesta með trjádrætti skal ávalt teyma einn og einn. Lausa hesta má reka yfir brúna, ef maður gengur á undan og gætir þess, að hestarnir fari ekki harðara en klyfjagang. Nautgripi má því að eins reka yfir brúna, að teymdur sé nautgripur eða hestur á undan.

3. gr.

Öllum, sem yfir brúna fara, ber að haga svo ferð sinni, að aldrei séu fleiri stórgripir (hestar og nautgripir) á brúnni í einu en 10. Tvíhjólaðir vagnar mega ekki fara yfir brúna fleiri en 4 í einu og fjórhjólaðir vagnar ekki fleiri en 2 í einu.

4. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum frá 4 til 100 kr. Sömu sektum varðar þao að skemma brúna af ásettu ráði, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt 295. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um vegi 22. nóv. 1907, 57. og 60. gr.

Sýslumaðurinn í Árnessýslu, 31. maí 1910.

Sigurður Ólafsson.